

Kennsluáætlun 2021-2022

Stærðfræði í 1. bekk

Í stærðfræði eru 5 kennslustundir á viku í 1. bekk. Kennari er Eva Ösp Örnólfsdóttir

Vinnulag

Lögð er áhersla á fjölbreytta kennsluhætti. Nemendur vinna ýmist í nemendabókum, ýmis aukaverkefni, vinna í Ipad og tölvum, PALS og fást við hlutbundna vinnu með áþreifanlegum hjálpartækjum s.s. smáhlutasöfnum, kubbum, formum o.fl.

Meginviðfangsefni haustannarinnar eru: flokkun, talning, form og mynstur, tölurnar 1-10. Meginviðfangsefni vorannarinnar eru: mælingar, plús og mínus, form og myndir, tölurnar 0-20.

Vinnuáætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið – notuð við námsmat	Afurð / Námsmat
Tölur	Sproti 1a og 1b PALS Osmo	Nemandi getur ... • skoðað tölur á talnalínu. • lesið og skrifað tölur upp í 20. • borið saman tölur og fjölda í söfnum upp í 20. • leyst samlagningar- og frádráttardæmi með tölum upp í 20.	Könnunarpróf Tímaverkefni
Rúmfræði	Sproti 1a og 1b Osmo	Nemandi getur ... • þekkt rúmfræðileg form í umhverfi sínu og geti flokkað þau eftir lögun. • lýst staðsetningu hluta með því að nota orð eins og yfir, undir, milli, bak við, fyrir framan o.s.frv.	Tímaverkefni

Mælingar	Sproti 1b	Nemandi getur ... • borið saman lengdir og mælt með óstöðluðum mælieiningum. • notað orð eins og minni - minnstur, stærri - stærstur, þungur - léttur, hár - lágur	Könnunarpróf Tímaverkefni
Tölfræði	Sproti 1a	Nemandi getur ... • Geti flokkað hluti eftir mismunandi eiginleikum, talið fjöldann og skráð niðurstöður með tölustöfum.	Tímaverkefni

Bæði nemendur og foreldrar eru síðan hvattir til að fylgjast reglulega með skráningum á mentor.is, bæði skráningum um námsmat og um heimanám/viðfangsefni.

Námsmat

Námsmat byggir á þeim hæfniviðmiðum sem tilgreind eru með hverju viðfangsefni hér að ofan. Matið fer fram jafnt og þétt yfir skólaárið. Sjá nánari umfjöllun um námsmat á vef skólans undir **Námsmat**. Einkunn fyrir námsárangur verður gefin tvisvar í vetur, í janúar og vetrarlok.

Með ósk um gott gengi,

Eva Ösp Örnólfsdóttir